

Trúnaðarmannaráð Sameykis

Dags. 25.01.2025	Kl. 13:15	Staður: Grand hótel
Fundarboðari: JÞ	Fundarritari: EHJS	Teams

Dagskrá:

1. Fundur settur - Þórarinn Eyfjörð formaður Sameykis
2. Umfjöllun um stöðu kjarasamninga - Þórarinn Eyfjörð formaður Sameykis
3. Nýfallnir fordæmisgefandi dómur í vinnurétti – Jenný Þórunn Stefánsdóttir, lögfræðinur Kaffihlé
4. Uppstillinganefnd kynnir tillögu sína að uppstillingu fyrir kjörtímabilið 2024 - 2027

1. Fundur settur:

Þórarinn setti fundinn. Hann bauð alla velkomna bæði raunheimum og netheimum. Enn fremur bauð hann gesti fundarins velkomna.

Gestur Jónsson var tilnefndur fundarstjóri og er það samþykkt.

Áður en auglýst dagskrá hófst fjallaði Þórarinn aðeins um málefni Grindavíkur og náttúruhamfarirnar á Reykjanesskaga. Hann fór því næst yfir nokkur praktísk atriði og afhenti svo fundinn í hendur fundarstjóra.

2. Umfjöllun um stöðu í kjarasamningum:

Þórarinn fór yfir stöðuna. Samninganefndir Sameykis hafa verið í markvissri greiningavinnu að undanfögnu. Um 200 trúnaðarmenn hafa unnið að meginkröfugerð fyrir komandi kjarasamningsgerð. Áhersluatriði eru fjölbreytt enda gerir félagið 17 kjarasamninga. Kröfurnar eru að mestu tilbúnar fyrir fyrstu samningana sem losna í janúar og febrúar. Því næst gerum við klárar kröfugerðir fyrir stærstu samningana sem losna í lok mars.

Fyrstu 14 samninganefndirnar verða kallaðar saman í byrjun febrúar og gert ráð fyrir að fullgerðar kröfugerðir verði sendar til atvinnurekenda um miðjan febrúar.

Hvað varðar stöðuna á almenna markaðnum þá ríkti mikil bjartsýni í kringum jólin, síðar dalaði sú bjartsýni og endaði með því að samningum vísað til Ríkissáttasemjara og það er óvissa framundan. Hvort samningar verði stuttir eða samið til lengri tíma er óvíst ennþá. Það fer eftir hvort náist breið samstaða.

Við sem samfélag stöndum frami fyrir mikilli áskorun með hvernig eigi að aðstoða Grindvíkinga í þeirra slæmu aðstæðum. Það má alls ekki gerast að Grindvíkingar verði gerðar að blóraböggjum í aðgerðum eða aðgerðarleysi stjórnvalda. Það má ekki nota þá til að knésetja almenna launþega í komandi samningum.

Efnahagsþróun, vísitöluhækkunar o.fl. hefur haft mikil áhrif á kaupmátt launþega á síðustu árum. Mikilvægt að hafa þessa hluti í huga í komandi samningum. Rík ástæða til að hafa fleiri en færri forsenduákvæði í komandi samningum.

Umræður og spurningar

3. Nýfallnir fordæmisgefandi dómar í vinnurétti.

Jenny fór yfir 5 dóma frá 2022 sem eru fordæmisgefandi í vinnurétti.

Trúnaðarlæknar – Málið snérist um greiðslu launa í veikindaforföllum. Það getur verið nauðsynlegt í einhverjum tilfellum að starfsmaður fari til trúnaðarlæknis en ekki skylda. Samkvæmt Félagsdómi er meginreglan sú að sjúklingar geti leitað til þess læknis sem honum henti best, sbr. 20. gr. laga nr. 74/1997 og að heilsufar telst til einkamálefna fólks sem nýtur verndar 71. gr. stjórnarskrárinnar.

Ferðatími á vegum vinnu er vinnutími. – Deilt um hvort ferðatími í vinnuferð erlendis teldist vinnutími eða ekki. Niðurstaða Landsréttar er að vinnutími á vegum atvinnurekanda til annars áfangastaðar en hefðbundinnar starfsstöðvar er vinnutími.

Vinnuslys – Líkamstjón þegar ekið var á einstakling á gangbraut er hann var á leið til vinnu.

Ólögmat uppsögn – Deilt um raunverulegar ástæður uppsagnar og aðferðina sem beitt var við uppsögnina. Niðurstaða Landsréttar er að Kópavogsbær hafi brotið gegn rétti félagsmannsins með því að tengja uppsögn hans ætluðum skipulagsbreytingum án þess að bjóða starfsmanninum tilfærslu í starfi þegar þeim var hrundið í framkvæmd.

Veikindaréttur – kynrænt misræmi – Transeinstaklingur gekkst undir kynstaðfestandi skurðaðgerð og óskaði eftir greiðslu launa í kjölfar aðgerðar. Því var neitað. Niðurstaða Hæstaréttar var að einstaklingurinn ætti rétt til launa í veikindaforföllum vegna aðgerðarinnar.

Umræður og spurningar.

Kaffihlé

4. Uppstillinganefnd kynnir tillögu sína að uppstillingu fyrir kjörtímabilið 2024-2027

Egill Heiðar formaður uppstillinganefndar þakkar félagsmönnum fyrir framboð sín til starfa fyrri félagið. Hann fór yfir störf nefndarinnar, þau hafa funda 15 sinnum enda ýmislegt sem þarf að hafa til hliðsjónar við val á einstaklingum í stjórn og nefndir. Meðalaldur hefur lækkað en skiptingin milli launagreiðenda hefur einnig raskast. Mikill einhugur og samhljómur í störfum nefndarinnar.

Það að gegna ábyrgðarstöðu fyrir félagið er mikilvægt. Því þarf að gegna af heilindum og þarf að hafa það leiðarljósi. Hann taldi því næst upp þá sem eru á lista uppstillinganefndar fyrir formann, stjórn og í stjórnir nefnda og kjörstjórn.

Stjórn félagsins:

Formaður:

Þórarinn Eyfjörð

14 meðstjórnendur:

Ása Guðmundardóttir – Háskólanum á Akureyri

Bryngeir Arnar Bryngeirsson – Frístundamiðstöðinni Gufunesbæ, Reykjavíkurborg

Egill Kristján Björnsson – Fangelsismálastofnun

Herdís Jóhannsdóttir – Fjármála- og áhættustýringarsvið, Reykjavíkurborg

Ingibjörg Sif Sigríðardóttir – Orkuveitu Reykjavíkur

Ingunn Hafdís Þorláksdóttir – Seltjarnarnesbæ

Jón Brynjarsson – Landspítala

Kári Sigurðsson – Frístundamiðstöðinni Miðbergi, Reykjavíkurborg

Kristín Erna Arnardóttir – Kvikmyndamiðstöð Íslands

Ólafía L. Sævarsdóttir – Tryggingastofnun ríkisins

Rut Ragnarsdóttir – Borgarbókasafni, Reykjavíkurborg

Styrmir Jónasson Olsen – Klettabæ

Suzana Vranjes – Sjúkratryggingum Íslands

Svanhildur Steinarsdóttir – Menntamálastofnun

Stjórnir sjóða Sameykis:

Stjórn starfsmenntunarsjóðs - 5 meðstjórnendur:

Ásta Björg Björgvinsdóttir – Félagsmiðstöðinni Laugó, Reykjavíkurborg
Bjarni B. Bjarnason – Umhverfis- og skipulagssviði, Reykjavíkurborg
Jóhanna Rúnarsdóttir – Þjónustuíbúðum aldraðra Dalbraut, Reykjavíkurborg
Trausti Jónsson – Velferðarsviði, Reykjavíkurborg
Þórdís Viborg – Öryrkjabandalaginu

Stjórn styrktar- og sjúkrasjóðs - 5 meðstjórnendur:

Erlingur Arthursson – Heilsustofnun NLFÍ
Katrín Kristín Hallgrímsdóttir – Hólabrekkuskóla, Reykjavíkurborg
Ómar Árnason – Tækniskólanum
Pálmey H Gísladóttir – Ráðgjafar- og greiningarstöð
Valdís Þóra Gunnarsdóttir – Sýslumanninum á Suðurnesjum

Stjórn orlofssjóðs - 5 meðstjórnendur:

Eyþór Agnarsson - Klettabæ
Gunnlaugur Ísleifsson – Menntaskólanum við Sund
María Hlín Eggertsdóttir – Sýslumanninum á Vesturlandi
Skapti Jóhann Haraldsson – Dalskóla, Reykjavíkurborg
Sólveig Jóna Jónasdóttir – Landspítalanum

Stjórn vinnudeilusjóðs - 5 meðstjórnendur:

Garðar Svansson – Fangelsismálastofnun
Hákon Jónas Hjaltalín Hákonarson – Strætó bs.
Helga A Þórðardóttir – Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu
Pétur Ásbjörnsson – Landspítala
Rhea Juarez – Ási styrktarfélagi

Kjörstjórn - 5 meðstjórnendur:

Björg Snjólfisdóttir - Hrafnistu
Halldór Sveinn Hauksson – Vegagerðinni
Ingvar Skúlason - Vegagerðinni
Kalla Björg Karlsdóttir – Vesturbæjarskóla, Reykjavíkurborg
Þórdís Björk Sigurgestsdóttir – Faxaflóahöfnum sf.

5 varamenn:

Elínborg Ragnarsdóttir – Umhverfis- og skipulagssviði, Reykjavíkurborg
Höskuldur Einarsson – Vinnumálastofnun
Jóhanna Lára Óttarsdóttir – Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu
Olga Gunnarsdóttir – Hrafnistu
Stefán Gíslason – Umhverfis- og skipulagssviði, Reykjavíkurborg

Tillögur að hverri nefnd fyrir sig er borin upp samþykkt.

Egill Heiðar óskað fólki til hamingju með kosninguna um leið og hann áréttaði mikilvægi þess að taka að sér ábyrgðastörf fyrir félagið.

Þórarinn bað um orðið. Hann þakkaði fyrir traustið og kvaðst snortinn og ánægður. Hann ætlar að leggja sig allan fram í störfum sínum fyrir félagið. Hann fór síðan aðeins yfir félagsaðildina og fjölbreytni félagsins. Sameyki þriðja stærsta stéttarfélag landsins. Stærsti hópurinn sem starfar innan félagsins er trúnaðarmannaráðið. Lífeyrisdeildin komin yfir 2000 manns.

Svo nefndi hann aðeins orlofsmálin. Eiðar eru að fara í umbreytingarferli sem gæti tekið 1-2 ár. Eigum að vera frumleg, framhleypin og skýr hér eftir sem hingað til.

5. Önnur mál:

➤ Garðar Svansson Kviabryggju:

- Hvernig er staðan hjá BSRB varðandi vinnustyttinguna? Kallar eftir yfirlit um þá stöðu.
- Stytting vinnuvikunnar í vaktavinnu hefur verið vandamál frá upphafi. Ákveðinir þættir í dagvinnu ennþá líka í ólestri.

Þórarinn: Í dagvinnunni hefur ósamræmi skapast þegar stjórnendur hafa túlkað styttinguna þannig að öll neysluhlé hafi verið samin frá, sem er rangt. Öll neysluhlé eigi að vera áfram en tíminn er ekki lengur á forræði starfsfólks. Í leikskólum og grunnskólum er ekki hægt að skilgreina verkefni burtu.

Vaktakerfi: Það góða sem átti að koma út úr styttingunni hefur ekki allt skilað sér. Búið að mynda vinnuhóp sem er að vinna að útfærsluna. Sameyki hefur gert kröfu um breytingar á vaktahvatanum þannig að ekki skipti máli hvaða mánuður er eða lengd mánaða. Dagvinnufólk fær alltaf borguð launin sín án tillits til hvað mánuðurinn er langur. Hins vegar þarf að passa fjölda vakta og tegundir vakta til að tryggja sér venjuleg laun um næstu mánaðamót. Þetta var ekki markmiðið.

Kröfurnar hafa verið teknar fram og voru síðustu leiðréttingarnar um mitt síðasta ár. Vaktahvatinn er helsta vandamál bæði launþega og launagreiðenda. Vaktahvatinn er óstýranlegur á öllum vígstöðvum. Erum að sigla inn í kjarasamninga og við verðum að ná niðurstöðu því það er á svo mörgum vígstöðvum sem þetta er ekki að virka.

Þekkjum dæmi úr flóknu vinnuumhverfi þar sem fólk er mjög ánægt með kerfið. Allt of mörg dæmi eru þó um að vaktasmíðin er ekki nógu góð. Ekki í lagi að einhver námskeið eigi að stýra því hvort þessi mál eru í lagi eða ekki. Erum að vinna í þessu.

➤ Jón Brynjarsson er vaktavinnumaður á LSH:

- Til að halda sínum gömlu 100% launinum þarf vaktahvatinn að vera réttur. Að þurfa að vinna allar tegundir vakta í ákveðinni röð er ekki gott fyrir heilsuna. Að þurfa alltaf að vera að snúa við sólarhringnum er vont mál. Næturvaktir eru vondar fyrir sálina en að blanda þeim endalaust með öðrum tegundum vakta er ennþá verra.

➤ Höskuldur Einarsson, Vinnumálastofnun

- Hver er staðan á leiðréttingu launa á milli markaða.

Þórarinn svarar því til að áfangasamkomulag hafi náðst sl. vor. Tiltekin starfstekin starfsheiti innan heilbrigðiskerfisins og menntakerfisins fengu 1% til hækkunar á lægstu launum. Verið að vinna í þessu. Ekki hægt að ábyrgjast árangur.

Fleira var ekki gert og þakkaði Gestur fyrir traust í sinn garð og góðan fund. Afhenti síðan Þórarni fundinn.

Þórarinn þakkaði fyrir góðan fund og sleit fundi..

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 14:56